

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum (643. mál).


Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum, á þingskjali 1106.

Félag atvinnurekenda mælir með þeirri breytingu, sem lögð er til í frumvarpinu varðandi innflutning erfðaefnis holdanautgripa, enda sjálfsagt að grípa til aðgerða til að auka framleiðni í íslenskum landbúnaði, þar með talinni nautakjötsframleiðslu.

Eitt markmið frumvarpsins er sagt að auka framleiðslu til að mæta skorti á nautakjöti á innanlandsmarkaði, en innlend framleiðsla hefur undanfarin ár hvergi nærri annað eftirspurn eftir nautakjöti. FA leyfir sér að benda á að það mun taka mörg ár að auka framleiðslu með innflutningi erfðaefnis þannig að hún anni eftirspurn. Um fyrirsjáanlega framtíð mun þurfa að anna þörf markaðarins fyrir nautakjöt með sama hætti og síðustu ár; með innflutningi á nautakjöti. Þá skiptir máli að innlenda framleiðslan verði ekki varin á bak við múra tollverndar eins og raunin hefur orðið. Samkvæmt úttekt nefndar um tollamál í landbúnaði, sem skilaði skýrslu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nýlega, nemur tollvernd á innfluttu nautakjöti um 26% af verði þess. Við slíkar aðstæður hefur innlend framleiðsla augljóslega ónóga samkeppni.

FA mælir með samþykkt frumvarpsins en áskilur sér þó rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA